

Ár 1981, þriðjudaginn 10. nóvember, var í málinu nr. 22/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með kærni til Fasteignamats ríkisins, dags. 27. febrúar 1979, fór Egill Vilhjálmsson hf. fram á endurmat á öllum fasteignum, sem skráðar voru að Laugavegi 118 í Reykjavík. Samkvæmt úrskurði fasteignamatsins frá 16. mars 1979 skyldi fasteignin tekin til skiptingar og niðurstöður mats birtar í næstu fasteignaskrá, en jafnframt var tekið fram í úrskurðinum að eigi virðist ástæða til matsbreytinga að svo stöddu. 25. febrúar 1981 kvað Fasteignamat ríkisins upp úrskurð, sem fól í sér leiðréttingu á eigandaskráningu matshluta 09 að Laugavegi 118, sem jafnframt var skipt í sjálfstæðar fasteignir með eigendum. Hver fasteign var enn fremur tekin til endurmats, sem leiddi til hækkunar fasteignamatsverðs miðað við eldra heildarmat. Samkvæmt þessum síðastgreinda úrskurði fasteignamatsins skyldi mat samkvæmt honum ná til árána 1980 og 1981. Á grundvelli þessa úrskurðar voru fasteignagjöld áhögd árin 1980 og 1981 síðan tekin til endurskoðunar af fasteignagjaldadeild Reykjavíkur og þau hækkuð í samræmi við hækkað mat í umræddum úrskurði fasteignamatsins.

Ingunn Egilsdóttir, sem er eigandi einnar af þeim fasteignum, sem um ræðir hér að framan, auðkenndrar í fasteignamatskrám númerinu 09 01 01, hefur kært ofangreinda matshækkun og gjaldhækkun til nefndarinnar, og krefst þess, að hækkunin verði ekki látin ná til árána 1980 og 1981. Reisir kærandi kröfu sína á því, að um sé að ræða hækkun, sem látin sé verka aftur fyrir sig, enda hafi úrskurður ekki verið kveðinn upp fyrir en eftir að fasteignamat hafði tekið gildi og gjöld verið lögd á. Að því er varði árið 1980, er sérstaklega bent á af hálfu kæranda, að þegar úrskurðurinn hafi verið kveðinn upp, hafi kærandi fyrir löngu verið búinn að greiða gjöld þess árs og fengið fyrirvaralaus kvittun fyrir greiðslu þeirra.

Yfirfasteignamatsnefnd úrskurðar aðeins um gjaldskyldu og gjaldstofn fasteignaskatta en ekki annarra fasteignagjalda, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt var meginreglan sú, að leggja bæri fasteignaskatt á þær fasteignir, sem metnar voru í fasteignamati 1. janúar á gjaldárinu og skyldi skatturinn miðast við fasteignamatsverð eignarinnar á þeim tíma. Með reglugerð nr. 391/1980 var gerð breyting á umræddum reglum. Eftir breytinguna er 13. gr. svohljóðandi:

" Leggja skal fasteignaskatt á þær fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati 1. janúar á gjaldárinu og skal skatturinn miðast við fasteignamatsverð eignarinnar á þeim tíma. Þó skal heimilt að leggja skatt á fasteignir, sem rétt var að taka í fasteignamat í ársbyrjun, en láóst hefur af einhverjum ástæðum,

enda hafi fasteignamat og álagning skattsins farið fram eigi síðar en 1. ágúst á gjaldárinu."

Samkvæmt ofangreindum reglum og þeim gögnum, sem fyrir liggja um hækun fasteignaskatts eftir álagningu hans á árunum 1980 og 1981, er kæranda óskýlt að greiða þá hækun, sem ákveðin var á fasteignaskatti álöögðum 1980. Að öðru leyti eru ekki efni til að taka kærana til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Kæranda, Ingunni Egilsdóttur, er óskýlt að greiða ofangreinda hækun, sem ákveðin var á fasteignaskatti álöögðum árið 1980. Að öðru leyti er kærana ekki tekin til greina.



Gaukur Jörundsson.



Guðmundur Magnússon.



Pétur Stefánsson.